

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu vestur af Stafnesi.

1. gr.

Allar veiðar með fiskivörpu eru bannaðar vestur af Stafnesi á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. $64^{\circ} 02'50'' \text{ N} - 23^{\circ} 14'00'' \text{ V}$
2. $63^{\circ} 50'00'' \text{ N} - 23^{\circ} 14'00'' \text{ V}$
3. $63^{\circ} 50'00'' \text{ N} - 23^{\circ} 36'00'' \text{ V}$
4. $63^{\circ} 55'00'' \text{ N} - 23^{\circ} 42'00'' \text{ V}$
5. $64^{\circ} 02'50'' \text{ N} - 23^{\circ} 42'00'' \text{ V}$

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 7. mars 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. mars 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.